

Hvalur hf. b/t Kristjáns Loftssonar forstjóra
Pósthólf 233
222 Hafnarfjörður

Selfossi, 14. september 2023

Tilvísun: 2309286

Efni: Matvælastofnun stöðvar veiðar um borð í Hval 8 tímabundið vegna brota á dýravelferð.
Kærunéttur.

Sæll Kristján.

Vísað er til bréfs Matvælastofnunar (MAST) dags. 12.september sl. sem snýr að veiðum fyrirtækisins á langreyði sem skotin var af áhöfn Hvals 8 þann 7.september sl.

Í bréfinu er vísað til skýrslu Fiskistofu og einnig myndbandsupptöku af umræddri veiði sem eftirlitsmenn Fiskistofu tóku í umboði MAST. Enn fremur er vísað til upplýsinga og skýrslu frá Hval hf í samræmi við gildandi reglugerð nr. 895/2023 um veiðar á langreyðum.

Í bréfi MAST kemur fram að af framangreindum gögnum megi ráða að framkvæmd við veiðar á þessari tilteknu langreyði hafi verið í andstöðu við ákvæði 27.gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra (hér eftir nefnd dýravelferðarlög) og einnig ákvæði reglugerðarinnar. Dýrið var skotið tveimur skotum **en tæpur hálf tími leið á milli skotanna**. Áhöfninni var ljóst að fyrra skotið deyddi ekki dýrið en veitti því áverka. Þrátt fyrir skýlaus ákvæði í lögum og reglugerð þess efnis að veiðimönnum sé skylt þegar svona stendur á að gera það sem í þeirra valdi stendur til að aflífa þau dýr og skjóta dýrið aftur án tafar þá var það ekki gert. Veiðimönnum bar að skjóta dýrið aftur tafarlaust annað hvort með annarri línu fastri við skipið eða með línu sem var ekki föst við skipið til að lina þjáningar þess.

Myndbandsupptakan leiðir enn fremur í ljós að alltof langur tími fer í að endurhlaða skutul fyrir endurskot og meiri en fyrirtækið hefur sjálft gefið upp. Í bréfinu kemur enn fremur fram að frávikaskýrsla og upplýsingar fyrirtækisins voru ófullnægjandi, tímasetningar rangar og ekki að sjá að farið væri í greiningu á öllu því sem úrskeiðis fór.

Í stuttu máli þá liggur fyrir að veiðarnar þennan dag fóru verulega úrskeiðis. Hvalur hf hefur viðurkennt að frávik hafi átt sér stað við umræddar veiðar.

Í bréfinu var boðað að MAST hygðist stöðva veiðar á Hval 8 tímabundið þar til nánar tilteknum úrbótum væri lokið og stofnunin hefði fengið skrifleg gögn þar um. Byggðist væntanleg stöðvun á 35.gr. dýravelferðarlaga en samkvæmt henni er stofnuninni heimilt að takmarka eða stöðva starfsemi þegar um alvarleg tilvik eða ítrekuð brot er að ræða. **Ofangreint brot er metið alvarlegt.** Í bréfinu var jafnframt upplýst að málið gæti endað með álagningu stjórnvaldssektar sbr. 42.gr. dýravelferðarlaga.

Svar barst frá Hval hf samdægurs. Þar var upplýst að þegar Hvalur 8 kæmi að landi um hádegisbil 13.september myndi eiga sér stað þjálfun og kennsla í samræmi við kröfur MAST. Hvalur hf myndi bregðast við öllum ábendingum/athugasemdum. Hvalur hf teldi því enga ástæðu til stöðvunar veiða um borð í Hval 8 þar sem úrbótum yrði þegar lokið.

Í bréfi MAST kom fram að veittur væri andmælafrestur til kl. 16:00 þann 13.september áður en endanleg ákvörðun yrði tekin um hvort veiðarnar yrðu stöðvaðar. Hann var síðan framlengdur til kl. 12:00 í dag, 14.september. Frekari andmæli bárust ekki innan frestsins.

MAST hefur móttengið minnisblað frá Tensor ehf með fyrirsögninni „Úrbætur í kjölfar fráviks H8-1“ Þar kemur fram að Tensor ehf hafi verið falið að sjá um tilteknar úrbætur við langreyðaveiðar Hvals hf. Enn fremur bárust verklagsreglur um mat á því hvenær hífa skuli hval eftir skot. Ekki hefur verið kynnt nánar fyrir MAST hvaða fyrirtæki Tensor ehf er eða hvaða burði það hefur til að uppfylla úrbótakröfur MAST.

Í minnisblaðinu segir að þann 13.september sl. eftir að Hvalur 8 kom til hafnar, hafi tiltekin „þjálfun og eftirlit“ átt sér stað. Ljóst er að MAST sem opinber eftirlitsaðili með dýravelferð og Fiskistofa með eftirlit með búnaði verða að sannreyna að umræddar úrbætur hafi átt sér stað.


Auk þess liggja nú fyrir upplýsingar um að endurskjóta hafi þurft tvö síðustu veiðidýr Hvals 8.

Það tilkynnist hér með að Matvælastofnun hefur með heimild í 35.gr. laga nr. 55/2013 ákveðið að stöðva tímabundið allar veiðar Hvals 8 vegna alvarlegra brota á 27.gr. sömu laga uns sannreynt hefur verið af hálfu MAST og Fiskistofu að fullnægjandi úrbætur hafa verið gerðar.

Vinsamlegast tilkynnið þegar úrbótum telst vera lokið að fullu og munu þá eftirlitsmenn MAST og Fiskistofu sannreyna þær.

Hægt er að kæra ofangreinda ákvörðun til matvælaráðuneytis. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá dagsetningu þessa bréfs.

Virðingarfyllt,
f.h. Matvælastofnunar



Einar Örn Thorlacius lögfr.